

Vettvangsheimsókn í Fjölmennt.

<http://www.fjolmennt.is/>

Mætt voru auk undirritaðrar: Gunnar og Anna/Hraunbær, Halla/Þórðarsveigur, Ásta, Stella og Baldur/Gunnarsbraut, Guðríður og Lilja, Hverfisgötu.

Við fengum góðar móttökur í nýju og glæsilegu húsnæði Fjölmenntar á Vínlandleið 14. Starfsemin er öll á einni hæð og gott aðgengi er fyrir fatlaða.

Í kynningunni kom m.a. fram að það er mikið sami hópurinn sem sækir Fjölmennt. Margir fara á milli með ferðaþjónustu fatlaðra. Fjölmennt starfar samkvæmt þjónustusamningi við ráðuneytið. Ekki er skipting eftir fötlun en stefnan er að fjölfatlað fólk og þeir sem þurfa mikla aðstoð verði í Fjölmennt en þeir sem það geta sæki námskeið annars staðar því Fjölmennt gerir samning við símenntunarmiðstöðvar um allt land og aðrir samstarfsaðilar eru t.d. Þekking og málaskólinn Mímir. Fjölmennt tekur þannig beinan þátt í niðurgreiðslu á námstilboðum við samstarfsaðila Fjölmenntar.

Ég hvet því alla forstöðumenn sem vilja aðstoða sína íbúa til frekara náms að byrja hjá Fjölmennt og fá þar síðan áframhaldandi námsráðgjöf.